



## 46. Stúdentaráðsfundur

### Fundur Stúdentaráðs

17. Nóvember 2016

Háskólanum á Akureyri, stofu K-105

**Fundaritari:** Logi Úlfarsson

*Fundur settur: 16:11*

**Mættir:** Helga Margrét Jóhannesdóttir, Logi Úlfarsson, Guðrún Þóra Hallgrímsdóttir, Kristófer Leo Ómarsson, Friðrik Már Ævarsson, Garðar Már Jónsson, Axel Trausti Gunnarsson, Ketill Sigurður Jóelsson, Sandra Kristinsdóttir og Berglind Hannesdóttir

**Fjarverandi:** Enginn

### Dagskrá 45. fundar stúdentaráðs

1. Kristjana frá markaðsdeildinni kemur og kynnir ýmis mál.
2. Próflokadjamm 15. des.
3. Hittingur í janúar.
4. Háskólar í hættu.
5. Fél og menn koma.
6. 1.des.
7. Bréf til að bjarga lífi.
8. Launahækkunarir.
9. Ýmis mál.



## 1. Kristjana frá markaðsdeildinni kemur og kynnis ýmis mál.

Kristjana kynnti dagatal sem verður dreift um allt Eyjafjarðarsvæðið og tímalínu sem verður lifandi og hægt að bæta inn viðburðum hvenær sem er. Við þurfum að finna viðburði sem og vera með. 5. Sept. Afmælisdagur skólans þurfum að vinna að því. 9 des er fundur í afmælisnefnd Helga ætlar að mæta kl 9. Opið hús 3 sept væri gaman að vera með eitthvað til að auglýsa okkur og sýna hvað við gerum. Góðvinir, verið er að reyna að fá gamla formenn til að vera með í góðvinum háskólans á Akureyri. Ljósmyndasýning starfsmanna verður haldin, væri gaman að hafa sýningu nemenda einnig.

## 2. Launahækkunarir.

Launahækkunarir bornar upp og kynntar stúdentaráði. Allir aðilar samþykkir og skrifuðu undir tilheyrandi skjal.

## 3. Próflokadjamm 15 des.

Helga vill minna á það, væri gaman að byrja að peppa liðið fyrir það.

## 4. Hittingur í janúar.

Haldið verður vinnukvöld í janúar, fyrst fundur fyrir alla í stúdentaráði og öðrum ráðum, það verða pizzur og bjór og líklega verður fjallað um LÍS þingið. Aðallega verið að hrista saman hópinn.

## 5. Háskólar í hættu.

Undirskriftasöfnun er í gildi þar til ný ríkisstjórn verður mynduð. Við viljum ná fleiri undirskriftum þar sem fjöldinn er fastur í 10.000 og við verðum öll að peppa fólk, pósta á facebook eða skrifa pistla, hvað sem er.

## 6. Fél og menn koma.

Fulltrúi fél og menn kom á fund, Helga heitir hún. Þau vilja fá að vita hvernig upphæðir í fyrra voru, hversu margar rútuferðir voru farnar í stóru vísó og annað slíkt. Það var rætt. Helga kynnti stöðuna á stóru vísó, hvar verður gist og hvernig kostnaðurinn verður varðandi gistingu, hann er talsvert meiri en



undanfarin ár. Við þurfum að hittast framkvæmdarstjórn og fél og menn og ræða niðurgreiðslu. Þau ætla að kanna styrki og hitta svo okkur. Tala um það að ætla að auglýsa tímasetningu fljótlega en nánari upplýsingar síðar þegar hlutirnir eru komnir á hreint. 9-12 febrúar verður hún farin. 11 mars verður árshátíðin haldin. Ólympíuleikarnir eru ekki komnir með dagsetningu líklegast verður það haldið 13 janúar en mun koma í ljós fljótlega.

#### **7. 1. des.**

Við þurfum að skreyta jólatréð fyrir 1.des. og við skulum reyna að senda einhvern frá hverri stjórn í það minnsta. 1.des heldur stúdentaráð á kindlum að íslandsklukkunni, það er fullveldishátíð og við tökum þátt í því, sami háttur hafður á, einhver úr hverju félagi þarf að mæta.

#### **8. Bréf til að bjarga lífi.**

Átakið bréf til að bjarga lífi er haldið á hverju ári. Við höfum tekið þátt undanfarin ár og viljum vera með í ár. Við fáum send spjöld með sögum um mannréttindarbrot og hægt verður að skrifa undir áskorun til sjórvalda. Við ætlum að reyna að skipta niður tíma á hvert félag til að standa í matsalnum og kynna þetta fyrir fólki og hvetja það til að skrifa undir.

#### **9. Ýmis mál.**

Engin mál komu upp.

*Fundi slitið kl. 17:01*



## Undirskrift fundargesta (eða fyrir hönd þeirra)

Helga Margrét Jóhannesdóttir  
**Formaður FSHA**

Logi Úlfarsson  
**Varaformaður FSHA**

Guðrún Þóra Hallgrímsdóttir  
**Fjármálastjóri FSHA**

Sandra Kristinsdóttir  
**Formaður Eirar**

Friðrik Már Ævarsson  
**Ritari Kumpána**

Kristófer Leó Ómarsson  
**Forseti Stafnbúa**

Berglind Hannesdóttir  
**Varaformaður Magister**

Axel Trausti Gunnarsson  
**Staðgengill formanns Þemis**

Ketill Sigurður Jóelsson  
**Formaður Reka**

Garðar Már Jónsson  
**Formaður Data**